

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudagurinn 14. apríl, var haldinn 145. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Vesturgarði og hófst kl. 12.00. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Marteinsdóttir og Rakel Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Vesturbæjar Valgerður Katrín Jónsdóttir sat fundinn. Einnig sátu fundinn þau; Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina. Gestur undir lið 1 var Margrét Þómar skipulagsfulltrúi USK.

Þetta gerðist:

1. Kynning á tillögu að breytingu á skipulagi við Starhaga: Margrét Þómar var með kynningu fyrir ráðið vegna skipulags við Starhaga.
2. Kynntur nýr fulltrúi frá Íbúasamtökum Vesturbæjar: Valgerður Katrín Jónsdóttir, kynnti sig og fór yfir breytingar í stjórn Íbúasamtakanna.
- Kl. 12.28 Valgerður yfirgefur fund.
3. Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar: Hverfisráðið samþykkti að styrkja eftirfarandi verkefni, en alls hárust 5 umsóknir í sjóðinn: Fróðir foreldrar, 300.000 kr. Stafræn húðflúr hverfa aldrei, 250.000 kr. og Róló verður íbúagarðurinn okkar 275.000 kr.
4. Úthlutun styrkja Hverfisráðs Vesturbæjar. Það bárust tvær umsóknir og var samþykkt að umsókn frá Frostaskjóli vegna Sumardagsins fyrsta fengi 180.000 kr. og Litli skerjó fengi 20.000 kr.
5. Erindi frá Íbúasamtökum Vesturbæjar vegna byggingar bílakjallara á Naustreit: Erindi lagt fram frá Íbúasamtökunum. Málinu frestað fram til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 13.12

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)

Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)

Marta Guðjónsdóttir (sign)